

Mannvit  
B.t. Hauks Einarssonar  
Sent í tölvupósti á póstfangið [haukur@mannvit.is](mailto:haukur@mannvit.is)

Neskaupstað og Egilsstöðum 20. maí 2019

## Efni: Ábyrgðartegundir fugla í Þverárdal

Skilgreindar hafa verið ábyrgðartegundir fugla á Íslandi, en það eru tegundir þar sem stór hluti Evrópustofns og jafnvel heimsstofns verpur á Íslandi, eða kemur hér við á farleiðum sínum. Sumar þeirra eru ekki endilega á íslenskum válista<sup>i</sup>. Skv. nýlegum lista Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>ii</sup> um forgangstegundir fugla sem valdar voru fyrri tillögur að B-hluta náttúruminjaskrár, m.t. verndargildis, ábyrgðar og ályktunar Bernarsamningsins eru tegundirnar alls 51. Þar af 30 tegundir á válista, 25 ábyrgðartegundir, 20 tegundir skilgreindar skv. Bernarsamningnum og 2 tegundir, grágæs og margæs sem teljast ekki til neins þessara þriggja flokka. Af 25 ábyrgðartegundum eru 11 ekki á válista, einkum er þar um að ræða vaðfugla. Af 20 tegundum sem eru í forgangi vegna Bernarsamningsins eru 5 tegundir sem hvorki eru á válista né teljast til ábyrgðartegunda.

Alls voru 20 tegundir skrásettar á og við fyrirhugað framkvæmdasvæði í Þverárdal. Þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim sjö tegundum sem eru válista<sup>iii</sup>, þar af eru tvær skilgreindar sem ábyrgðartegundir líka, fýll og fálki. Til viðbótar voru sjö tegundir í Þverárdal sem eru skilgreindar sem ábyrgðartegundir og eru ekki á válista, en þær eru: heiðagæs, sandlóa, heiðlóa, lóupræll, jaðrakan, spói, og stelkur. Auk þessara er smyrill sem skilgreindur er í forgangi vegna Bernarsamnings og grágæs sem er á lista Ní yfir forgangstegundir, en fellur ekki til neins áður nefnds flokks (tafla 1). Af þessum fuglum eru heiðlóa, lóupræll og spói algengir í Þverárdal, en stelkar, jaðrakanar og lóuprælar voru fáliðaðir. Grágæs var í tugatali í Þverárdal, og mögulega verpandi. Þá verptu nokkur pör af heiðagæs í Þverárgili og mögulega eitt par af smyrli, auk fálkans og fýlsins.

Skilgreind búsvæði ábyrgðartegundanna sjö sem ekki var gerð grein fyrir sérstaklega í skýrslu Náttúrustofu Austurlands um rannsóknir í Þverárdal<sup>iv</sup> eru einkum mýrarvistir (lóupræll, jaðrakan, spói) og graslendisvistir (spói, stelkur, jaðrakan) en einnig mela- og móavistir (spói, sandlóa, heiðlóa). Þessar vistir eru algengar á svæðinu, einkum mýrar- og móavistir.

Varanleg röskun á búsvæðum þessara tegunda mun rýra afkomumöguleika tegunda á svæðinu, á þetta einkum við mó- og votlendisvistir sem hverfa að hluta til undir mannvirki eins og vegi og slóða. Rýrnun kjörlendis getur aukið þéttleika sem getur aftur komið niður afkomumöguleikum unga og aukið samkeppni um fæðu.

Ekki er líklegt að þær tegundir sem búa í Þverárgili verði fyrir skerðingu búsvæða, enda gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til verndar varpfuglum í gilinu.

Tafla 1. Fuglar í Þverárdal sem skilgreindir eru sem ábyrgðartegundir (Á), eða í forgangi vegna Bernarsamnings (B). Sumar þessara tegunda eru líka á Válista (V)<sup>v</sup>

Tegund	Latneskt heiti	Staða í Þverárdal	Búsvæði <sup>vi</sup>	B	Á	V
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	Rúmlega 100 pör verpa í Þverárgili	Víða með stöndum og sums staðar inn til landsins, langflestir á Vestfjörðum.		1	1
Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	Nokkur pör verpa í Þverárgili	Verpa mest á hálendi, Breytilegt hvaða svæði eru mikilvæg þ.e. hvort um er að ræða varpsvæði, viðkomustaði eða fjaðrafellistöðvar.		1	
Grágæs	<i>Anser anser</i>	Tæplega tugur fugla í Þverárdal, mögulega verpandi	Mýrlendi, t.d. hrísmýrar og grónar áreyrar, einkum á NA og A-landi.			
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	Mögulega eitt par verpandi í Þverárgili.	Ekki nægar forsendur til að meta mikilvæg svæði smyrils	1		
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	Eitt par verpandi í Þverárgili.	Ekki skilgreint, en þéttleiki er mestur á norðanverðu landinu.	1	1	1
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	Varplegir fuglar í Þverárdal, fáir fuglar.	Aðallega í Melavistum og 2/3 verpir ofan við 300 m h.y.s. .		1	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	Með algengari fuglum í Þverárdal. Skert búsvæði.	Einkum móavistir, 2/3 stofns neðan 300 m h.y.s.	1	1	
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	Algengur fugl í Þverárdal. Búsvæði mun skerðast.	Aðallega í mýrlendi útbreiddur á láglandi, en einnig víða á hálendi.	1	1	
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	Fáir fuglar í Þverárdal. Búsvæðaskerðing.	Í mestum þéttleika í graslandi og mýrarvistum á láglandi.		1	
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	Með algengari fuglum í Þverárdal. Búsvæðaskerðing.	Í mestum þéttleika í graslandi og svo í mýrarvistum á láglandi, en móavist á hálendi.		1	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	Fáeinir fuglar í Þverárdal og búsvæði mun skerðast.	Í mestum þéttleika í ræktarlandi og graslandi á láglandi. Graslendistvistir eru mikilvægastar		1	

- 
- <sup>i</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla> Skoða í maí 2019
- <sup>ii</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands ekkert útgáfuár: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla> Skoðað í maí 2019.
- <sup>iii</sup> Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2018. Gróður, fuglar og vatnalíf í Þverárdal í Vopnafirði – rannsóknir vegna fyrirhugaðrar allt að 6 MW virkjunar. NA-180181.
- <sup>iv</sup> Erlín Emma Jóhannsdóttir o.fl. 2018. Gróður, fuglar og vatnalíf í Þverárdal í Vopnafirði – rannsóknir vegna fyrirhugaðrar allt að 6 MW virkjunar. NA-180181.
- <sup>v</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands ekkert útgáfuár: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla> Skoðað í maí 2019.
- <sup>vi</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, ekkert útgáfuár. Sérstakar staðreyndasíður fyrir einstaka fugla. Skoða í maí 2019.